

## Fundur í fræðslu og skólanefnd Laugargerði 6.2.2014 kl. 14:00

Mættir eru: Eggert Kjartansson, Katrín Gísladóttir, Guðríður Pétursdóttir, Kristín Björk Guðmundsdóttir, Hulda Þórðardóttir, Sigríður Sigurðardóttir og Sigurður Jónsson.

- \* Fundur settur og fundarmenn boðnir velkomnir.
- \* Fundargerðir síðustu funda undirritaðar.
- \* Starfsáætlun skólans kynnt, fékk mjög góðar undirtektir og samþykkt.
- \* Sérfræðiaðstoð við nemendur er með svipuðum hætti og verið hefur og telur nefndin það í góðu lagi.

### \* Ytra mat fyrir skólann

Skólastjóri sagði frá beiðni sem hún hafði nýlega fengið frá SSV um upplýsingar um rekstur skólans. Við nánari eftirgrennslan var beiðni um úttekt á skólanum, komin frá sveitarstjórn. Þó vissi skólinn ekki af að það stæði til og ekki heldur skólanefnd. Spunnust nokkrar umræður um þessi mál og aðkomu skólans og skólanefndar að slíkri úttekt sem virðist eiga að fara fram.

Lagt er til við sveitarstjórn að óskað verði eftir ytra mati á skólanum frá Námsmatsstofnun, þar sem lagt væri mat á alla þætti er lúta að skólastarfinu. Einnig telur nefndin ákaflega æskilegt að skerpa á samvinnu og samhug í skólamálanum með sameiginlegum fundi sveitarstjórnar og skólanefndar með skólastjóra.

### \* Framtíðarsýn

Rætt var um framtíð skólamála og þá sífelldu þróun og umræðu sem alltaf þarf að vera, til að vel gangi. Með góðri samvinnu allra sýnist okkur framtíð skólans björt. Til dæmis kíktum við í nefndinni í kaffisamsæti sem leikskólabörninn voru með í matsal skólans (í tilefni dags leikskólans) og var vel sótt af foreldrum þeirra.

### \* Skólalóð

Búið er að panta kastala á skólalóðina sem kostaður verður af nokkrum fyrirtækjum, glæsilegt framtak.

### \* Fundi slitið.